

EFTIRLITSSKÝRSLA

ORF Líftækni ehf Græna smiðjan



Dags eftirlits	15.1.2016	Fulltrúi UST	Hrönn G. Guðmundsdóttir
Fyrirtæki	ORF Líftækni ehf	Fulltrúi UST	
Heimili	Vikurharfi 3	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	420201-3540	Flokkur	Erfðabreyttar lífverur
Fulltrúi fyrirtækis	Ásta Agnes Jóhannesdóttir	ÍSAT nr.	01.10.1
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	Grindavík

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik voru staðfest í eftirlitsferðinni og engar athugasemdir gerðar. Við eftirlit var staðfest að leyst hefur verið úr frávikum og athugasemdum frá eftirliti 2014. Vel er haldið utan um rekstur Grænu smiðjunnar og starfsemin virðist vera í föstum skorðum.

UMFANG EFTIRLITS

Umfang eftirlits var eftirfarandi:

- Skoðunarferð - Mengunarvarnir, afmörkunarráðstafanir, meðhöndlun úrgangs og spilliefna, öryggisráðstafanir og annað sem tengist aðstöðunni almennt.
- Niðurstöður eftirlits 2014. Úrlausn fráviks og athugasemda.
- Umfang starfseminnar.
- Skráning - Skráning úrgangs, vinnudagbók.
- Áætlanir og öryggisblöð.

Eftirlitið hófst á skoðunarferð um húsnæði Grænu smiðjunnar með fulltrúa starfsleyfishafa. Þegar eftirlitið fór fram var byggræktun í gangi í helmingi húsnæðisins en hinn helmingurinn var lokaður af með tjöldum og þar voru tveir starfsmenn við þrif. Mengunarvarnir og afmörkunarráðstafanir voru athugaðar. Engar skemmdir hafa orðið á húsnæðinu síðan þakrúður brotnuðu 2011 eða önnur slys eða óhöpp orðið og engar plöntur hafa fundist utandyra við reglubundið eftirlit starfsleyfishafa. Skilyrðum um öryggisferfi, hlífðarföt og þvottaaðstöðu var fullnægt. Við afleggjara að Grænu smiðjunni er læst hlið sem aðeins starfsmenn ORF Líftækni geta opnað. Fræsía í þvottagámi sem gerð var athugasemd við árið 2014 hefur verið löguð og í öllum öðrum niðurföllum var fræsía undir ristinni. Ekki sást nein pollamyndun við frárennsli út úr húsinu þótt þrif væru í gangi þegar eftirlit fór fram, en snjór var yfir jörðu. Genginn var hringur í kringum gróðurhúsið. Tveir ruslagámar standa úti við og er sorp frá starfseminni losað í þá, en síðan flutt til brennslu. Tveir lokaðir sekkir með plöntuafgöngum, vikri og öðrum úrgangi stóðu inni í gróðurhúsinu.

Eftir skoðunarferðina fóru eftirlitsmaður og fulltrúi starfsleyfishafa yfir skráningu, fyrri eftirlit og annað tengt starfseminni. Bætt hefur verið úr frávikum frá fyrri eftirliti (skv. eftirlitsskýrslu) og engir nýir vaxtarþættir hafa bæst við ræktunina. Starfsleyfi, áætlanir og rekstrarskýrsla lágu frammi á starfstöð og því aðgengileg starfsfólki. Vinnudagbók er að mestu rafræn, en stöðvarstjóri skráir innra eftirlit í dagbók sem eftirlitsmaður athugaði. Skráning úrgangs var fullnægjandi og í rekstrarskýrslu, sem skilað hefur verið til Umhverfisstofnunar, koma fram nákvæmar magntölur úrgangs. Öryggisblöð voru aðgengileg í möppu í starfstöðinni.

ANNAÐ

Starfsleyfi Grænu smiðjunnar var endurskoðað árið 2015. Í nýju starfsleyfi er tiltekið sem afmörkunarráðstöfun að nota skuli skilti sem varar við hættu af líffræðilegum toga. Slíkt skilti var ekki til staðar en húsnæðið þó merkt og nokkuð ljóst að þar fer fram ræktun með erfðabreyttar plöntur. Fulltrúi starfsleyfishafa ætlar að bæta úr þessu og setja upp skilti skv. starfsleyfi við inngang.

Reykjavík, 18.01.2016

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Hrönn G. Guðmundsdóttir